

REGLUR

um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði, nr. 520/2021.

1. gr.

Í stað „4. gr.“ í 6. gr. reglnanna kemur: 5. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Endurgreiðslutímabil eru ársfjórðungslega og skal yfirlit yfir veitta aðstoð sveitarfélags á nýliðnum ársfjórðungi berast Fjölmenningssetri á þar til gerðu eyðublaði eigi síðar en tveimur vikum eftir lok hvers ársfjórðungs.
- b. Í stað orðanna „5. desember á því ári“ í 2. mgr. kemur: tveimur vikum eftir að yfirlitið berst Fjölmenningssetri, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 8. febrúar 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Bjarnheiður Gautadóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 10. febrúar 2023